



Blöð og tímarit

Blöð og tímarit eru áritaðar bréfasendingar sem falla undir eftirfarandi skilgreiningar:

- Séu eins í lögun.
- Hámarksstærð er 260*350*25 mm.
- Séu jafn þungar.
- Póstlagðar hjá afgreiðslu Fyrirtækjaþjónustu Póstsins á höfuðborgarsvæðinu og á pósthúsum utan höfuðborgarsvæðisins.
- Flokkaðar og settar í búnt eftir póstnúmerum, hvert búnt merkt því pósthúsi sem annast dreifinguna.
- Sendingarnar berist Póstinum fyrir kl. 15:00.
- Ef sendingar koma inn eftir klukkan 17:00 í Póstmiðstöð Póstsins í Reykjavík, eða á pósthús utan höfuðborgarsvæðis, leggst á seinkunargjald sem miðast við hvern auka klukkutíma í vinnu.

Blöð og tímarit eru skilgreind sem ritstýrt efni, þar sem fram kemur titill, númer tölublaðs, árgangur blaðsins og ábyrgðarmaður dreifingarefnis.

Lágmarksmagn blaða og tímarita í póstlagningu eru 250 stk. eða 5000 stk. á ársgrundvelli.

Afslættir

Afsláttarstefna Póstsins í flokknum Blöð og tímarit fer eftir magni, tíðni, þyngd og dreifingartíma og er samið um fyrirfram eftir áður greindum forsendum.

Þyngdarflokkar

Þyngdarflokkar Blaða og tímarita:

- 0 – 100 g
- 101 – 250 g
- 251 – 500 g
- 501 – 1000 g